

## Samþykktir fyrir fjarskiptahóp Skýrslutæknifélags Íslands

1. gr.

Fjarskiptahópur Skýrslutæknifélags Íslands er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá viðauka.

2. gr.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- Að breiða út þekkingu á fjarskiptum og stuðla að skynsamlegri notkun þeirra
- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um fjarskiptamálefni og efla tengsl milli þeirra sem áhuga hafa á sviðinu
- Að stuðla að góðu siðferði við notkun fjarskipta
- Að styrkja notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um fjarskipti
- Að koma með tillögur til stjórnar Skýrslutæknifélagsins um stefnumörkun þess á sviði fjarskipta og vera málsvari þess um fjarskiptamálefni
- Að vinna með fulltrúa félagsins í fjarskiptaráði

3. gr.

Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi SKÝ til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.

4. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum SKÝ um faghópa vera félagar í Skýrslutæknifélagi Íslands og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í fjarskiptahóp. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað hverju sinni með tiltækum ráðum.

5. gr.

Framlag hvers og eins félaga til framfylgdar markmiðum félagsins fer eftir vilja og getu, en hvatningu stjórnar um vinnuframlag í þágu markmiða hópsins skal tekið með jákvæðu hugarfari.

6. gr.

Samþykktum má eingöngu breyta á félagsfundi og skulu breytingartillögur hafa borist stjórnar með viku fyrirvara.

**Samþykktar á stofnfundi félagsins 23.mars 2007.  
Breytt á aðalfundi faghópsins 26.02.2014 (grein 3).**

## Reglur SKÝ um faghópa

Faghópar Skýrslutækni­félags Íslands starfa á sérstöku­m, afmörkuðum sviðum og skapa félögum vettvang til kynninga, skoðanaskipta og framkvæmda. Hóparnir starfa sjálfstætt í samráði við stjórn Ský. Ávinningur af samstarfi við Ský er m.a. sú margvíslega sérþekking sem er að finna innan félagsins, erlend tengsl og aðstaða og aðstoð sem félagið getur veitt faghópum.

### Réttindi faghópa eru:

- a) Skrifstofa Ský getur annast fundaboðun.
- b) Ský getur lagt fram aðstöðu fyrir fundi og útvegum veitinga.
- c) Skrifstofa Ský getur séð um útsendingar til þátttakenda í faghópnum.
- d) Skrifstofa Ský svarar fyrirspurnum og gefur upplýsingar um starf faghópanna.
- e) Skrifstofa Ský veitir aðstoð við stærri viðburði.
- f) Aðgangur að tímariti félagsins, Tölvumálum, í samráði við ritstjórn þess.
- g) Aðgangur að heimasíðu félagsins, í samráði við framkvæmdastjóra.

### Skyldur faghópa eru:

- a) Faghópar skulu starfa í samræmi við markmið Skýrslutækni­félags Íslands.
- b) Þátttakendur í faghópum eru meðlimir í Ský.
- c) Faghópar skila skýrslu um starf árlega, t.d. munnlega til stjórnar Ský og með grein í tímarit félagsins, Tölvumál.
- d) Telji faghópur æskilegt að einhver viðburður í starfi hans nái til fleiri en meðlima hópsins, gerir hann tillögu til stjórnar Ský ásamt ábendingu um heppilega tímasetningu. Stjórn Ský samræmir slíkar tillögur til þess að starfsemi verði sem hnitmiðuðust og felur faghóp síðan framkvæmd í samstarfi við fulltrúa stjórnar og framkvæmdastjóra eftir því sem ástæða er til.